



Sjálfsbjörg

landssamband
hreyfihamlaðra

ÁRSSKÝRSLA 2025

Lögð fram á landsfundi samtakanna 24. og 25. apríl 2026

Jafnræði :: Viðurkenning :: Samkennd

Útgefandi:

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími: 5500-360, netfang: info@sjalfsbjorg.is

Ábyrgðarmenn:

Puríður Harpa Sigurðardóttir og Sigríður Agnes Sigurðardóttir

Uppsetning, umbrot, prentun:

Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel

Forsíða

Mynd af nýju merki Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra
Hönnuður: Alexandra Ýr Bridde

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns.....	4
1. Stjórnir og starfsfólk	5
1.1 Stjórn Sjálfsbjargar lsh.	5
1.2 Formenn aðildarfélaga Sjálfsbjargar lsh.	5
1.3 Starfsfólk 2024	6
2. Nefndir og starfshópar	7
2.1 Kjörnefnd	7
2.2 Laganefnd	7
2.3 Framtíðarnefnd	7
2.4 Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar	7
2.5 Minningasjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar	8
2.6 Medic Alert	8
3. Félagsmálin	9
3.1 Landsfundur 2024	9
3.2 Formannafundur	12
3.3 Stefnumótun	12
4. Málefnavarfið	13
4.1 Aðgengismál	13
4.2 Hjálpartæki	13
4.3 Ýmis verkefni	13
4.4 Samstarfsverkefni Sjálfsbjargar lsh. Ferðamálastofu, ÖBÍ og HMS	14
4.5 Römpum upp Ísland	14
4.6 Norðurlanda samstarf	15
4.7 Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka	16
4.8 Sjálfsbjörg lsh. 65 ára	17
5. Rekstrarmál – starfsemi	19
5.1 Kjarkur endurhæfing	19
5.2 Sjálfsbjargarhúsið	20
5.2.1 Sagan	20
5.2.2 Húsnæðismál 2024	20
5.3 Þekkingamiðstöðin	21
6. Fjármál	22
6.1 Fjárhagsstaðan	22
6.2 Starfsmannamál	23
6.3 Helstu tekjupóstar og fjáraflanir	23
6.3.1 Húsaleiga	23
6.3.2 Happdrætti	23
6.3.3 Hollvinir Sjálfsbjargar	23
6.3.4 Styrkur ÖBÍ Réttindasamtaka	23
7. Upplýsingamál	24
7.1 Ársskýrsla	24
7.2 Klifur	24
7.3 Heimasíða Sjálfsbjargar	24
8. Tengingar út í samfélagið	25
9. Helstu mál á fundum stjórnar Sjálfsbjargar lsh. 2024	26
10. Aðildarfélög Sjálfsbjargar lsh. og stjórnarfolk 31.12. 2024	27
11. Drög að ársreikningi Sjálfsbjargar lsh. fyrir 2024	29

ÁVARP FORMANNS



„Eitt lítið þrep getur skilið á milli þess hvort einstaklingur sem notar hjólastól geti tekið þátt í samfélaginu. Hvort hann geti hitt vini sína á kaffihúsi eða verslað inn jólagjafir fyrir börnin sín. Oft þarf ekki miklar breytingar til þess að laga þetta þrep og opna þannig nýjan heim fyrir þúsundir einstaklinga.“ *Haraldur Ingi Þorleifsson stofnandi RUÍ, um tilurð þess við lokaathöfn sem haldin var við vígslu síðasta rampsins við HÍ.*

Sjálfsbjörg hefur í 66 ár markað djúp og varanleg spor í mannréttindabaráttu fatlaðs fólks og verið kraftmikill málsvari aðgengis að samfélagi, aðgengis að manngerðu umhverfi og byggingum, sjálfstæðs lífs hreyfihamlaðra og annarra fatlaðra einstaklinga, unnið ótulllega að bættari endurhæfingu, P-stæðiskortum, bílastyrkjum, kjarabótum lífeyristaka og fjölmörgu öðru sem skiptir sköpum fyrir daglegt líf og samfélagsþátttöku.

Fyrir ári síðan samþykktum við nýja stefnu og vinnum nú samkvæmt henni, með þá sannfæringu að félagið á enn brýnt erindi. Við troðum nýjar slóðir og skref fyrir skref nær félagið okkar aftur baráttugleðinni og þróttinum sem það var byggt upp á.

Á liðnu ári hefur framtíðarnefndin haldið áfram vinnu vegna deiliskipulags fyrir Hátúnslóðir, tveir formannafundir voru haldnir þar sem deiliskipulag var til umræðu og fyrirlestur var til eflingar liðsheilidinni, og eins og áður var félagið okkar sýnilegt í Reykjavíkurmaraþoninu. Við beittum okkur fyrir heilsuefningu og fræðslu í tengslum við næringu, sömdum við Samskiptastöðina um sálfræðipjónustu og fjölskylduráðgjöf fyrir okkar félagsfólk því að kostnaðarlausu. Við seldum happdrættismiða,

söfnuðum hollvinum og vorum sýnileg á ýmsum miðlum, sér í lagi í tengslum við undirskrifta-herferðina EKKI VESEN sem sett var í loftið í lok september. Eins og áður tókum við þátt í norðurlandasamstarfi og ýmsum verkefnum hér innanlands. Við tókum þrjú Aðgengisstroll, tvö í Reykjavík og eitt á Akureyri til að vekja fólk til vitundar um mikilvægi góðs aðgengis. Aðgengisstrollið er samstarfsverkefni sex félaga og tókust öll vel.

Við tókum þátt í að koma Frístundasafninu á laggirnar en þar eiga hreyfihamlaðir einstaklingar, börn og fullorðnir að fá leigðan ýmsan búnað gegn vægu verði. Með því styður Sjálfsbjörg við aukinn aðgang hreyfihamlaðra að útivist og þátttöku í samfélaginu.

Ný heimasíða var unnin í vetur og er komin í gagnið. Þá tekur Sjálfsbjörg virkan þátt í starfi ÖBÍ, en fimm fulltrúar félagsins eru í málefnaþópum ÖBÍ. Að auki höfum við lagt ÖBÍ lið við að skoða aðildarmál bandalagsins og leitt ráðgjafahóp um aðgengismál og farið í úttektir bæði á vegum Sjálfsbjargar og með ráðgjafahópnum svo eitthvað sé nefnt.

Mikil vinna hefur verið lögð í að koma rekstrinum í betra horf og er ánægjulegt að segja frá því að verulegur viðsnúningur varð til batnaðar. Má þakka það styrkri og samstilltri stjórnun framkvæmdastjóra og stjórnar.

Jafnræði - Viðurkenning - Samkennd

Puríður Harpa Sigurðardóttir
formaður Sjálfsbjargar Ish

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra

Eftirtaldir einstaklingar sátu í stjórn að loknum landsfundi 2025.



Puríður Harpa Sigurðardóttir, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, formaður



Jón Heiðar Jónsson, Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni, varaformaður



Grétar Pétur Geirsson, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, gjaldkeri



Helga Magnúsdóttir, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, ritari



Guðni Sigmundsson, Sjálfsbjörg á mið-Austurlandi, meðstjórnandi



María Jónsdóttir, Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, varaformaður



Linda Egilsdóttir, Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni, varamaður

Starfsfólk Sjálfsbjargar 2025



Sigríður Agnes Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri



Hlín Íris Arnþórsdóttir,
umsjónarmaður sundlaugar



Karl Ingi Karlsson,
umsjónarmaður fasteignar



Anna Kristín Jensdóttir,
starfsmaður móttöku



Ólafur Bjarni Tómasson,
aðstoðarmaður húsvörslu

NEFNDIR, STARFSHÓPAR OG SJÓÐIR

Á árinu störfuðu eftirfarandi nefndir, starfshópar og sjóðir á vegum Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra: Kjörnefnd, framtíðarnefnd og Hjálparliðasjóður. Að auki sátu fulltrúar Sjálfsbjargar í Minningarsjóði Jóhanns P. Sveinssonar og Medic Alert.

Kjörnefnd

Á landsfundi 2025 voru þrjár fulltrúar af fimm kosnir í kjörnefnd. Hlutverk hennar samkvæmt lögum Sjálfsbjargar er að tryggja að það verði hið minnsta einn frambjóðandi í öll embætti sem kosid skal í á landsfundi. Kjörnefnd skipuðu að loknum landsfundi 2025: Hildur Sverrisdóttir, Sigurjón Sigurbjörnsson, Rúna Baldvinsdóttir. Nefndin var kölluð saman 10 vikum fyrir landsfund, fyrsti fundur var boðaður 2. febrúar.

Framtíðarnefnd

Stjórn samþykkti á fundi þann 7. maí að framtíðarnefnd myndi starfa áfram og fylgdi m.a. eftir nýsamþykktri stefnu, hefði skoðun á verkefnum og málefnum sem landssambandið á að vinna að auk þess að fjalla um og hafa skoðun á deiliskipulagstíllögum fyrir Hátúnsreitina og Hátún 12. Stjórn skipaði í nefndina í maí 2024 og er hún óbreytt og skipuð eftirtöldum fulltrúum: Puríður H. Sigurðardóttir formaður Sjálfsbjargar, Sigríður A. Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar, Jón Heiðar Jónsson gjaldkeri ÖBÍ, Harpa C. Ingólfssdóttir HMS, Elmar L. Heiðarsson, Sjálfsbjörg Akureyri og nágrenni. Varamenn: Grétar Pétur Geirsson og Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, bæði í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu.

Fundir framtíðarnefndar urðu fimm á árinu 2025. Tveir fundir voru vegna stefnumótunar fyrri part ársins og þrjár fundir um deiliskipulagsmál, málefni og annað. Síðasti fundur ársins var 18. nóvember.

Verkefni framtíðarnefndar er að:

- Vinna áfram í tengslum við deiliskipulag Hátúns 12 og Hátúnsreitsins.
- Hafa skoðun á verkefnum landssambandsins, hvaða verkefni eru sett í forgang og leggja fram tillögu til stjórnar um verkefni og hvernig staðið verði að þeim.
- Fylgja eftir stefnunni og vinna starfsramma fyrir hugsanlega verkefna- eða málefnaþópa.

Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar

Hlutverk sjóðsins er að gera hreyfihömluðum félagsmönnum Sjálfsbjargar auðveldara að ferðast með því að úthluta styrkjum fyrir hluta af ferðakostnaði aðstoðarmanneskju (hjálparliða) úr sjóðnum. Úthlutað er úr sjóðnum einu sinni á ári. Árið 2025 var þrem styrkjum úthlutað, hver að upphæð 150.000 kr.

Í lok landsfundar 2025 sátu eftirtaldir í stjórn sjóðsins: María Óskarsdóttir, Hildur Sverrisdóttir og Linda Egilsdóttir.

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar

Tilgangur sjóðsins er tvíþættur:

- a) að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms
- b) að styrkja einstök málefni með aðgengi í huga fyrir hreyfihamlaða.

Í lok landsfundar 2025 sátu eftirtaldir fulltrúar Sjálfsbjargar í stjórn sjóðsins: Puríður Harpa Sigurðardóttir og Kristján Karl Júlíusson, varamenn voru Magnús G. Jóhannsson og Guðni Sigmundsson.

Ekki voru auglýstir styrkir úr sjóðnum 2025.

Medic Alert

Sjálfsbjörg er aðildarfélag að MedicAlert. MedicAlert á Íslandi er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 1985 fyrir tilstilli Lionshreyfingarinnar á Íslandi og er rekin undir verndarvæng hennar. Stofnunin starfar með leyfi MedicAlert Foundation International, sem stofnað var í Kaliforníu 1956. MedicAlert er alþjóðlegt öryggiskerfi fyrir sjúklinga með bráða eða hættulega sjúkdóma og ofnæmi.

Á landsfundi 2025 var Sóley Björk Axelsdóttir kosin fulltrúi Sjálfsbjargar lsh. til eins árs en kjósa þarf í embættið til tveggja ára á landsfundi 2026.

FÉLAGSMÁL

Landsfundur 2025

Landsfundur Sjálfsbjargar lsh. var haldinn í sal Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu, Hátúni 12, inn-gangur 7, 25. apríl 2025, klukkan 13:00 og 26. apríl 2025 klukkan 10:00.

Mættir voru 28 fulltrúar og þrjár áheyrnarfulltrúar frá átta aðildarfélögum Sjálfsbjargar ásamt stjórn.

Landsfundur Sjálfsbjargar fór samkvæmt áætlun og er honum gerð skil í fundargerð á heimasíðu Sjálfsbjargar.

Ávarp formanns

Formaður sagði meðal annars að félagið væri á tímamótum, unnið hefði verið að nýrri stefnu og nýjum lögum. Hún ræddi baráttu fyrir sjálfsögðum rétti allra að aðgengi að samfélaginu í heild. Að hjálpartæki skapi sjálfstæði og stuðli að virkni. Berjast þurfi fyrir jöfnuði og bættum kjörum. Áframhaldandi verkefni að koma rekstrinum í rétt horf. Huga að viðhaldi þeirra bygginga sem Sjálfsbjörg á, en fjármunir eru af skornum skammti og að endurnýja lyftur í Sjálfsbjargarhúsinu til að tryggja aðgengi milli hæða í Sjálfsbjargarhúsinu enda standi Sjálfsbjörg fyrir öflugri og mikilvægri endurhæfingarstarfsemi, *Kjarkur endurhæfing*, sem dýrmæt er þeim sem hennar njóta.

Formaður sagði bjart fram undan og tækifærin óþrjótandi, minnti á að lögfesta eigi samning Sameinuðu þjóðanna á réttindum fatlaðs fólks (SRFF) 2025. Brýndi fundarmenn til að vera samstíga og hafa markmið til að stefna að, að Sjálfsbjörg verði enn þekktara fyrir baráttu sína fyrir réttindum hreyfihamlaðra á öllum sviðum samfélagsins. Látið



Frá vinstri: Puríður H. Sigurðardóttir formaður landssambandsins, Sigríður Agnes Sigurðardóttir framkvæmdastjóri og Arndís Anna Gunnarsdóttir fundarstjóri. Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður fer yfir lagabreytingartillögur að nýjum lögum.

sveitarstjórnir vita að aðgengi á að vera virkt. Megi Sjálfsbjörg verða enn öflugra landssamband og leiðandi afl í hagsmunamálum fatlaðs fólks.

Formaður lýsti landsfund settan

Fundarstjóri lagði fram dagskrá fundarins og upplýsti um dagskrárbreytingu og að drög að ályktun landsfundar sé í fundargögnum. Hvorutveggja hafði verið birt á heimasíðu Sjálfsbjargar lsh. skv. lögum. Stefnumál voru færð undir lið 4.

Fundarstjóri nefndi að fulltrúa vantaði í tvö embætti sem kosið yrði í laugardaginn 26. apríl. Fulltrúa í MedicAlert og fjóra fulltrúa í stjórn Míningarsjóðs Jóhanns Péturs Sveinssonar.



Frá landsfundi 2025.

Skýrsla stjórnar og drög að ársreikningi samtakanna fyrir árið 2024 voru kynnt. Ársreikningur samþykktur samhljóða. Skýrsluna og samþykktan ársreikning má finna á heimasíðu samtakanna.

Formenn aðildarfélaganna á Akureyri, Bolungarvík og Fjallabyggð fylgdu sínum skýrslum úr hlaði. Umræður urðu um aðgengi að opinberum nýbyggingum og Algilda hönnun og aðgengisfulltrúa í sveitarfélögum.

Stefna 2025

Tillaga að stefnu Sjálfsbjargar var kynnt, rædd og samþykkt með meirihluta atkvæða, 17 voru með, 2 á móti og 2 sátu hjá.

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2025 og 2026 var kynnt, rædd og samþykkt.

Skýrsla og ársreikningur Kjarks endurhæfingar fyrir árið 2024 voru lögð fram til kynningar.

Tillaga um óbreytt árgjald fyrir árið 2026 var lögð fram og samþykkt.

Ályktun um hjálpartæki var kynnt og samþykkt.

Ný lög voru lögð fram í heild sinni og kynnt af Ás- laugu Björgvinsdóttur lögmanni. Þrjár lagabreytinga- tillögur komu fram frá fundinum við 7., 11., og 14.

gr. Lagabreytingatillaga varðandi 7. og 11. gr. samþykktar en sú er varðaði 14. gr. var dregin til baka. Smávægilegar lagfæringar voru gerðar á texta en engar efnislegar. Lagagreinar sem breytt var texta- lega voru bornar upp til samþykktar og að síðustu voru löggin með áorðnum breytingum lögð fram til samþykktar í heild sinni. Löggin voru samþykkt með meirihluta atkvæða, 2 voru á móti 3 sátu hjá.

Kosningar

Eftirfarandi aðilar hlutu kosningu:

Stjórn: Jón Heiðar Jónsson og Helga Magnúsdóttir. Varamenn: María Jónsdóttir og Linda Egilsdóttir.

Kjörnefnd: Rúna Baldvinsdóttir.

Stjórn Kjarks endurhæfingar: Aðalmaður Margrét S. Jónsdóttir. Varamaður Pála Kristín Bergsveins- dóttir.

Hjálparliðasjóður: Hildur Sverrisdóttir og María Óskarsdóttir.

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar: Aðalmenn Puríður Harpa Sigurðardóttir og Kristján Karl Júlíusson. Varamenn Magnús G. Jóhannesson og Guðni Sigmundsson.

Medic Alert: Sóley Björk Axelsdóttir.

Önnur mál:

- Halaleikhópurinn. Sóley Björk Axelsdóttir formaður Halaleikhópsins kynnti starfsemi leikhópsins.
- Hjól. Bergur Þorri Benjamínsson sagði frá og sýndi Exoquad hjól.
- Sjálfsbjargarlag. María Óskarsdóttir lagði til að Sjálfsbjargarlagið yrði sungið í lok landsfundar að ári.

Landsfundi Sjálfsbjargar eru gerð ítarlegri skil í fundargerð á heimasíðu Sjálfsbjargar.

Ályktun samþykkt á landsfundi Sjálfsbjargar 2025

Ályktun um hjálpertæki

Ályktun landsfundar Sjálfsbjargar um hjálpertæki 2025

Landsfundur Sjálfsbjargar skorar á heilbrigðisráðherra að leggja fram endurskoðað og uppfært lagafrumvarp um hjálpertæki á haustþingi 2025, sem tekur mið af og gerir skil á niðurstöðum og tillögum starfshópa sem fjallað hafa um hjálpertækjalöggjöfina í skýrslum 2019 og 2025.

Sjálfsbjörg Lsh, telur einboðið að við úthlutun hjálpertækja til hreyfihamlaðs fólks skuli tekið mið af félagslegri nálgun á hugtakinu fötlun, svo þörf um þess hóps til virkni og þátttöku sé mætt eins og kveðið er á um í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF).

Mörg ákvæði SRFF taka til hjálpertækja, enda er tilgangur þeirra að jafna stöðu fatlaðs fólks. Samningurinn staðfestir í 26. grein, rétt fólks til sjálfsbjargar sem felur í sér rétt til hjálpertækja til samfélagsþátttöku á öllum sviðum samfélagsins.

Landsfundurinn hvetur stjórnvöld til samvinnu þvert á ráðuneyti og með sveitarfélögum til að heildarendurskoðuð hjálpertækjalöggjöf gagnist sem best notendum hjálpertækja; börnum og fullorðnum í skóla, íþróttum, tómstundum, frítíma, atvinnulífi og einkalífi.

Ísland fullgilti samninginn 2016, það er tími til kominn að vinna eftir honum.

Ályktunin var **samþykkt einróma**.

Formannafundir

Tveir formannafundir voru haldnir á árinu 2025 og báðir á Teams. Sá fyrri var sambandsstjórnarfundur og var haldinn 26. febrúar og sá seinni, formannafundur var haldinn 23. september. Á dagskrá fyrri fundarins var yfirferð og umræður um lagabreytingartillögur, Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður kynnti og tók við spurningum. Sá dagskrár-



Landsfundarfulltrúar frá Skagafirði, Bolungarvík og Akureyri. Frá vinstri: Magnús Jóhannesson formaður Skagafirði, Karl Kristján Júlíusson formaður Bolungarvík. Frá Akureyri Jón Heiðar Jónsson, Elmar Logi Hreiðarsson, Linda Egilsdóttir formaður og Rúnar Þór Björnsson varaformaður

liður tók upp allan fundartímann og var ákveðið að fresta fundinum og framhalda honum viku síðar eða 3. mars. Á framhaldsfundi var farið yfir fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu fyrir Hátún 10-14 og rætt um tilgang, málefni og verkefni Sjálfsbjargar.

Á dagskrá seinni formannafundarins var erindi frá Evu Þengilsdóttur framkvæmdastjóra ÖBÍ um mikilvægi félagasamtaka, Jón Halldórsson frá KVAN hélt fyrirlesturinn Hvernig sköpum við sterka liðsheid. Formenn sögðu frá verkefnum og starfi félaganna og að lokum var samþykkt að næsti landsfundur yrði haldinn í Reykjavík.

Stefnumótun

Ný stefna var samþykkt á landsfundinum 25. apríl 2025. Mikil vinna var lögð í stefnuna en þrjú stefnumótunarfundir á vettvangi Sjálfsbjargar voru haldnir á tímabilinu 2024 til 2025 og tóku fulltrúar flestra aðildarfélaganna þátt. Milli stefnumótunarfundanna fundaði framtíðarnefnd með ráðgjafa og vann með efni og tillögur stefnumótunarfundanna. Í stefnunni kemur fram framtíðarsýn Sjálfsbjargar sem segir að allir hreyfihamlaðir einstaklingar skuli hafa tækifæri til jafns við aðra á öllum sviðum lífsins.

Gildi Sjálfsbjargar eru **jafnræði, viðurkenning og samkennd**.

MÁLEFNI OG VERKEFNI

Aðgengi

Aðgengismál eru málefni Sjálfsbjargar og hafa félagar gert sig gildandi í þeim málaflokki gagnvart sveitarfélögum og ýmsum þjónustuveitendum, auk þátttöku í aðgengishópi ÖBÍ og notendaráðum sveitarfélaga um landið. Formaður aðgengishóps hjá ÖBÍ hefur oftast en ekki verið Sjálfsbjargarfélagi og er svo í dag. Núgildandi löggjöf á að tryggja að aðgengisþættir séu uppfylltir í ferlinu, frá hönnun til framkvæmdar, um mannvirki, hvort sem það eru byggingar, götur og torg eða náttúra Íslands, þannig að fatlað fólk geti farið um mannvirkið eins og aðrir.

Í dag eru aðgengisfulltrúar starfandi í flestum sveitarfélögum og á vef Sjálfsbjargar er aðgengishnappur og geta sjálfsbjargarfélagar sent inn ábendingar um það sem betur mætti fara í aðgengismálum í þeirra sveitarfélagi. Aðgengisfulltrúum er ætlað að greina hvar fara þarf í framkvæmdir til að bæta aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk og fylgjast með því að ekki sé horft framhá þörfum hreyfihamlaðra þegar ákveðið er að fara í framkvæmdir innan sveitarfélaga.

Á árinu tók Sjálfsbjörg að sér aðgengisúttekt hjá fyrirtæki og hjá húsfélagi í blokk. Auk þess sem skrifaðar voru greinar vegna deiliskipulags á Veðurstofureit og í Keldnaholti. En bæði svæðin gera ráð fyrir bílastæðahúsum sem getur valdið því að hreyfihamlað fólk hafi ekki möguleika á búsetu í þessum hverfum. Í kjölfarið var haldinn fundur með Betri samgöngum. Aðgengi fyrir alla felur í sér að fatlað fólk geti lifað eins sjálfstæðu lífi og hægt er án hindrana og sérstakra ráðstafana. Aðgengi að byggingum, umhverfi og samgöngum hverskon-

ar eru hreyfihömluðu fólki sérstaklega mikilvægt, enda fáir sem þurfa að reiða sig jafn mikið á aðgengilegt umhverfi eins og hreyfihamlað fólk.

„Vissulega geta verið hindranir í veginum en þær eru sjaldnast fötlunin, heldur fordómar, slæmt aðgengi og skortur á aðstoð, svo eitt-hvað sé nefnt. Réttara væri því að segja að einhver láti ekki skilningsleysi samfélagsins stoppa sig.“ Þorbera Fjölisdóttir 2023, af ÖBÍ vefnum.

Aðgengisstrollið vekur athygli

Hreyfihamlað fólk á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri stóðu fyrir þremur aðgengisstrollum 2025. Tilgangurinn var vitundarvakning um mikilvægi aðgengis fyrir þann stóra hóp einstaklinga, barna sem fullorðinna, sem nýta sér hjólastóla eða önnur hjálpartæki til að komast um.

Jákvæð viðbrögð vegfarenda

Fyrsta aðgengisstrollið fór fram í Reykjavík þann 10. júní 2025 þar sem um 40 manns komu saman, vopnuð skiltum með hvatningarorðum um aðgengi á ýmsum sviðum samfélagsins. Hópurinn strollaði nokkra hringi á fjölförnum gatnamótum Suðurlandsbrautar og Kringlumýrarbrautar og vakti upp-átækið mikla og jákvæða athygli annarra vegfarenda. Hjólastólanotendur voru áberandi í hópnum en strollið er einnig hugsað fyrir fólk sem notar til dæmis hækjur eða göngustafi, göngugrindur, skutlur eða önnur hjálpartæki.

Markmiðið með vitundarvakningunni er tvíþætt,



Pátttakendur frá sex félögum mættu galvösk í aðgengisstrollið. Hópurinn kom saman við Mannréttindahúsið Sigtúni 42.

annars vegar að fagna þeim mikla árangri sem náðst hefur í aðgengismálum undanfarna áratugi en einnig að efla baráttuandann til frekari góðra verka. Að viðburðinum stóðu Sjálfsbjörg, CP félagið, Gigtarfélagið, MND á Íslandi, MS félagið og SEM, samtök endurhæfðra mænuskaddaðra. Viðburðurinn var svo endurtekinn þann 18. september síðastliðinn.

Stroll í evrópskri samgönguviku

Sjálfsbjargarfélagið á Akureyri og nágrenni stóð fyrir aðgengisstrolli fyrir norðan í tilefni af evrópsku samgönguvikunni sem fram fór þann 16.-22. september 2025. Strollið var haldið í samstarfi við Akureyrarbæ og verkefnið Virk efri ár og var aðalviðburður samgönguvikunnar á Akureyri. Yfirskrift vikunnar var að þessu sinni Samgöngur fyrir öll. Um 60 manns tóku þátt í strollinu.

Síðasta aðgengisstrollið var svo haldið í Reykjavík þann 18. september og var vel lukkað.



Linda Egilsdóttir o.fl. í aðgengisrollinu sem fór fram á Akureyri



Arna Sigríður Albertsdóttir íþróttfræðingur, með erindi um heilsu og hreyfingu á opnum fundi Sjálfsbjargar á Akureyri, í Bjargi.



Frá undirritun Sjálfsbjargar lsh. og Samskiptastöðvarinnar um sálfræðipjónustu og ráðgjöf við félagsfólk Sjálfsbjargar um allt land. Frá vinstri: Puríður H. Sigurðard. formaður Sjálfsbjargar lsh., Íris Eik Ólafsdóttir eigandi og framkvæmdastjóri Samskiptastöðvarinnar og Sigríður Agnes Sigurðard. framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar lsh.

Ýmis verkefni

Tvö verkefni Sjálfsbjargar voru styrkt af Heilbrigðisráðuneytinu 2025 og eitt verkefni styrkt af Mennta og barnamálaráðuneytinu.

Sjálfsbjörg sótti um verkefnastyrki til Heilbrigðisráðuneytisins, annars vegar fyrir Heilsuefningu hreyfihamlaðs fólks og hins vegar fyrir sálfræðipjónustu, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjöf við félagsfólk Sjálfsbjargar. Verkefnin fengu samtals 6,5 milljónir króna í styrk.

Arna Sigríður Albertsdóttir, íþróttfræðingur og íþróttakona, leiddi heilsuefningarverkefnið sem hófst vorið 2025. Hún kynnti leiðir fyrir hreyfihamlað fólki til að hefja hreyfingu og tileinka sér heilsusamlegan lífsstíl, stofnaði Facebookhópinn Heilsuefning Sjálfsbjargar og hvatti félagsfólk til þátttöku í Reykjavíkummaraponinu. Í samstarfi við Hákon Atla Bjarkason og Sjálfsbjörg var einnig haldið námskeið í hjólastólafærni í ÍFR að Hátúni 14. Þá var félagsfólki boðið í tíma í Íþróttahúsi fatlaðra til að prófa ýmsar íþróttir.

Í tengslum við Evrópsku aðgengisvikuna á Akureyri í september hélt Arna Sigríður fræðandi fyrirlestur

í Bjargi um mikilvægi íþróttþjálfunar hreyfihamlaðra. Daginn eftir kynnti hún styrktarþjálfun í Norður Crossfit og sýndi hvernig aðlaga mætti æfingar og tæki að þörfum hreyfihamlaðra

Í maí var skrifað undir samstarfssamning við Samskiptastöðina um þjónustu við Sjálfsbjargarfélag, um er að ræða sálfræðipjónustu, fjölskylduráðgjöf, félagsráðgjöf eða annað sem fyrirtækið býður upp á. Félagsfólk í Sjálfsbjörg getu sótt um tíma hjá Samskiptastöðinni sér að kostnaðarlausu, en gert er ráð fyrir 3-5 tímum á hvern einstakling sem sækir um. Þá hafa verið haldin tvö vefnámskeið sem sett verða á heimasíðuna.

Lítið var unnið í verkefni sem Mennta- og barnamálaráðuneytið styrkti árið 2025, enda er það umfangsmikið og krefst vinnu fagaðila. Ákveðið var að sækja um fleiri styrki áður en haldið yrði áfram. Verkefnið er verkfærakista fyrir starfsfólk skóla og frístundamiðstöðva með leiðbeiningum um hvernig mæta megi hreyfihömluðum börnum og tryggja þátttöku þeirra í útivist, frístund, ferðalögum og öðru skólastarfi sem fer fram á vegum skóla, eins vel og kostur er.

Samstarfsverkefni Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, Ferðamálastofu, ÖBÍ réttindasamtaka og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Sjálfsbjörg Ish. og ÖBÍ réttindasamtök setti Ferðamálastofa af stað fræðslu- og hvatningarverkefni fyrir ferðapjónustuaðila undir nafninu Gott aðgengi. Tilgangur verkefnisins er að bæta aðgengi í ferðapjónustu. Sérstakur úttektarlisti var gerður út frá aðgengislykli Sjálfsbjargar auk fræðsluefnis fyrir rekstraraðila og starfsmenn gisti- og veitingastaða. Ferðapjónustuaðilar fara í gegnum sjálfsmat varðandi aðgengi staðarins og í framhaldi af því geta þeir sett sérstakt aðgengismerki á heimasíðu sína, sem sýnir að þeir telji staðinn uppfylla aðgengiskröfur þess aðgengismarkis. Á árinu 2025 áttu samstarfsaðilar reglulega fundi þar sem framþróun verkefnisins var rædd. Var ákveðið að hanna einfalt matskerfi að fyrirmynd Unndísar, til að gera ferðapjónustuaðilum auðveldara að staðsetja aðgengismál fyrirtækisins. Tók ÖBÍ í samvinnu við Sjálfsbjörg Ish. að sér að aðlaga matskerfi ferðapjónustunnar að matskerfi Unndísar sem er verkfæri/leiðarvisir með innbyggðu matskerfi sem styður við inngildandi vinnustaðamenningu. Unndís á sér fyrirmynd hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna. UNDIS: United Nations Disability Inclusion Strategy. Verkefnið er í vinnslu.

Römpum upp Ísland

Sjálfsbjörg hefur verið samstarfsaðili Rampa verkefnisins frá árinu 2021 en þá var markmiðið að rampa upp Reykjavík. Verkefninu var svo breytt í að rampa upp Ísland (RÚÍ). Gríðarlega vel tókst til en 1756 rampar litu dagsins ljós um allt land frá 2021-2025. Það þýðir að hreyfihamlað fólk hefur nú 1756 fleiri staði til að fara á en þegar verkefnið hófst. Verkefni RÚÍ lauk formlega í maí 2025. Þrátt fyrir það er unnið að lokaverkefni RÚÍ sem er að koma að hönnun og gerð heits potts og ramps í Lágafellslaug í Mosfellsbæ, en gert er ráð fyrir að þeim framkvæmdum ljúki í ár.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er stoltur styrktaraðili verkefnisins og á tvo fulltrúa í stjórn. Puríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Sjálfsbjargar Ish, er varaformaður stjórnar Römpum upp Ísland og er Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, fyrrverandi formaður Sjálfsbjargar, varamaður í stjórn.

Hjálpartæki

Formaður sat í starfshópi um hjálpartækjalöggjöfina en hópurinn starfaði veturinn 2024-2025. Starfshópurinn skilaði skýrslu til heilbrigðisráðs-



„Með því að vinna saman með ótal aðilum, alls staðar að úr samfélaginu, byggðum við 1.756 rampa. Það eru 1.756 staðir sem fólk sem notar hjólastól getur núna farið að borða, læra, hlæja, versla, kyssast, lifa. Gleðin var við stýrið alla ferðina og gleðin skilaði okkur miklu lengra en bjartsýnustu spár. Takk fyrir okkur,“ sagði Haraldur Ingi Þorleifsson, stofnandi verkefnisins þegar hann rakti sögu þess og áhrif í HÍ í dag.



Jón Aðalsteinsson rektor HÍ, Guðni Th. fyrrverandi forseti Íslands, Katrín Jakobsdóttir fyrrverandi forsætisráðherra, Haraldur I. Þorleifsson eigandi RÚÍ, ung stúlka og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur.



Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, klippir á síðasta borða RÚÍ verkefnisins við vígslu ramps við HÍ.



Hluti þeirra sem hlupu fyrir Sjálfsbjörg í Reykjavíkumaraþoni 2025.

herra í apríl 2025. Sjónarmið hreyfihamlaðra varðandi hjálpartæki til íþróttta og frístunda koma fram í niðurstöðum starfshópsins. Sjálfsbjörg sendi ályktun landsfundar um hjálpartæki til heilbrigðisráðherra eftir landsfundinn og óskaði eftir viðbrögðum við skýrslu starfshópsins. Í september fékkst svar frá lögfræðingi í heilbrigðisráðuneytinu þess efnis að innan ráðuneytisins væri vinna við heildarendurskoðun á reglum um hjálpartæki, svo sem greiðsluþátttöku og ábyrgð á málaflokknum. Niðurstaðan yrði kynnt í samráðsgátt eftir áramótin. Í mars óskaði Sjálfsbjörg eftir að sjá niðurstöður, svar barst frá heilbrigðisráðuneytinu, að starfshópurinn væri enn að störfum. Við munum fylgja málinu eftir áfram.

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka

Sjálfsbjörg tók þátt í Reykjavíkumaraþoninu sem fram fór 23. ágúst 2025. Átta hlauparar söfnuðu áheimum fyrir Sjálfsbjörg lsh. og söfnuðust 467.000 kr. Tveir félagar hlupu og rúlluðu 21 km sem var stórkostlegt. Ákveðið var að styrkjum yrði varið í verkefni Sjálfsbjargar lsh.

Norðurlandasamstarf

Nordisk Handikappförbund (NHF) eða Norðurlandaráð hreyfihamlaðs fólks eru samtök norræna félaga hreyfihamlaðs fólks sem Sjálfsbjörg lsh. hefur verið aðili að frá 1963. Önnur félög eru Dansk Handicap Forbund, Norges Handikapforbund, DHR Delaktighet, Handlingskraft, Rör-elsefrihet og Invalidiliitto.

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir er fulltrúi Sjálfsbjargar í norðurlandasamstarfinu. Á árinu 2025 hittist ráðið formlega tvisvar, í Helsinki í maí og í Malmö í október. Til umræðu á fundunum voru eftirfarandi atriði:

■ Evrópskt öorkukort (fötlunarkort)

Evrópusambandið hefur hafist handa við að innleiða öorkukort fatlaðs fólks innan Evrópu. Átta lönd hafa þegar innleitt kortið en megin tilgangur þess er að gera fötluðu fólki í Evrópu auðveldara að nýta þjónustu fyrirtækja og stofnana á ferðalögum þess um Evrópu til jafns við ríkisborgara. Mun þetta auðvelða aðgang að þjónustu sem ætluð er fötluðu fólki

í því landi sem einstaklingurinn er staddur. Þetta kort er ekki stæðiskort (P-merki) og þarf hreyfihamlað fólk sem ferðast á bílum innan Evrópu, eins og áður að sækja um sérstakt kort til að nýta bílastæði fatlaðra.

■ **Kynfræðsla í skólum**

Ungliðahreyfing NHF sem samanstendur af ungliðahreyfingum meðlima félaganna stefnir á að kortleggja stöðu kynfræðslu hreyfihamlaðra nemenda, bæði í almennum skólum sem og sérskólum.

■ **Réttur fatlaðs fólks til þátttöku í stjórnámálum og opinberu lífi (29. grein SRFF)**

Sjálfsbjörg tók forystu í að kortleggja stöðu hreyfihamlaðra á Norðurlöndunum með vísan í 29. grein samnings SP um réttindi fatlaðs fólks. Niðurstaðan var sú að í flestum löndunum er aðgengi að og á kjörstöðum talsvert ábótavant. Helst vantar staðlaðar reglur hvað þetta varðar sem og hvernig aðstoð á kjörstað skal fara fram. Á Íslandi hefur ÖBÍ útbúið gátlista í tengslum við aðgengi fyrir kjörstaði sem mælt er með að farið sé eftir. Þá er reglugerð komin í gagnið sem segir til um framkvæmd á aðstoð við atkvæðagreiðslu 432/2022. Þó að hér á Íslandi virðumst við vera framar hinum Norðurlöndunum hvað varðar reglusetningu og leiðbeiningar varðandi 29. greinina þá er þó, í öllum löndunum, talsvert um skort á aðgengi að fundum og starfsemi stjórnmalaflokka. Það takmarkar möguleika hreyfihamlaðs fólks til þátttöku.

■ **Byggingarreglugerðir á Norðurlöndunum**

Ákveðið var á maí fundi NHF að hefja vinnu við að kortleggja og bera saman byggingarreglugerðir á Norðurlöndunum. Þvert á löndin eru byggingarreglugerðir undir talsverðum pólitískum þrýstingi og þörf er á að fá mynd af stöðunni til þess að geta aðhafst. Spennandi verður að fylgja þessu máli eftir.

■ **Breyting á ferlum í félagslegum kerfum Norðurlandanna**

Í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð hafa neikvæðar breytingar átt sér stað þegar kemur að rannsókn og eftirfylgd sveitarfélaga og ríkjanna á högum fatlaðs fólks, einkum þegar um er að ræða sjálfstætt líf og notendastýrða persónulega aðstoð. Þar hafa stjórnvöld farið frá því að reiða sig á samtöl og samvinnu milli einstaklings og yfirvalda yfir í að reiða sig á mjög ítarlegar tölulegar upplýsingar um persónulegt líf fólks og jafnvel að fylgjast með einstaklingum í gegnum myndavélaeftirlitskerfi. Þegar talað er um tölulegar upplýsingar um persónulegt líf fólks er m.a. verið að meina tímatöku á salernisferðum og persónulegri umhirðu. Er þetta gríðarlegt áhyggjuefni og er mikilvægt að sporna gegn því að slíkt verði tekið upp hér á landi, þar sem réttur einstaklings til einkalífs yrði virtur að vettugi.

REKSTRARMÁL – STARFSEMI

Kjarkur endurhæfing

Stærsta og viðamesta rekstrareining Sjálfsbjargar lsh. er Kjarkur endurhæfing sem er rekin í hluta Sjálfsbjargarhússins.

Kjarkur endurhæfing er skilgreind sem endurhæfingarstofnun fyrir hreyfihamlaða einstaklinga og í samþykktum segir m.a.: „*Kjarkur endurhæfing er heilbrigðisstofnun sem rekur sérhæfða heilbrigðisþjónustu á sviði endurhæfingar í skilningi laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Hlutverk félagsins er að veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og/eða heilaskaða. Markmið endurhæfingarinnar er að einstaklingar nái viðunandi hæfni til að geta búið sjálfstætt eftir sín áföll.*“

Hlutverk Kjarks er að „veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða“. Framtíðarsýnin er „Aftur út í lífið“.

Á árinu 2025 var hljóðvist í matsal bætt með því að setja hljóðvistunarplötur í loftið. Það var einnig gert í stærri endurhæfingarrýmum 4. hæðar. Góð hljóðvist bætir líðan þjónustuþega og er nokkuð einföld framkvæmd. Lokið var við að setja upp aðgangsstýringarkerfi í þann hluta hússins sem Kjarkur endurhæfing hefur til afnota fyrir sína starfsemi. Aðgangsstýringarkerfið er sett upp til að takmarka aðgang að þjálfunarrýmum og búseturýmum þjónustuþega þar sem húsið er mjög opið og erfitt er að stýra umgangi um það.

Húsgögn á svölum voru endurnýjuð og þar var

haldin sumarhátíð. Í desember var haldin vegleg jólahátíð fyrir þjónustuþega sem tókst vel. Þar sem matsalurinn er ekki mjög stór þarf að skrá sig á hátíðina og ekki komast allir sem vilja.

Á hverju ári er fræðsla fyrir starfsmenn af ýms-um toga. Á hverju ári er annað hvort skyndihjálparnámskeið eða brunavarnarnámskeið. Á árinu 2025 var haldin fræðsla um brunavarnir og viðbrögð við bruna. Þar fyrir utan fengu starfsmenn fræðslu um t.d. hjólastóla og sessur og alþjóðlegt flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu (ICF) sem Kjarkur notar í sinni endurhæfingu.

Samstarf er við Íþróttafélag fatlaðra um leigu á lyftingarsal og við Sjálfsbjörg lsh. um leigu á sundlaug til endurhæfingar. Þetta fyrirkomulag hentar vel fyrir starfsemi Kjarks og samstarfið við þessa aðila er gott. Undirritaður var samstarfssamningur við Tryggingastofnun um gerð endurhæfingarmats og samningsferli við Sjúkratryggingar Íslands er hafið. Gert er ráð fyrir að því ferli ljúki á árinu 2026 en það hefur legið lengi fyrir að ganga þurfi til samninga við Sí. Þegar samningar verða undirritaðir er rekstur Kjarks endurhæfingar tryggður til lengri tíma en áður þar sem fjárlög eru ákveðin fyrir eitt rekstrarár í einu.

Fjöldi stöðugilda á árinu 2025 var 49,5 en fjöldi starfsmanna er hærri þar sem það eru alltaf einhverjir starfsmenn sem eru í hlutastörfum. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna hefur aukist í takt við breyttar áherslur í starfseminni. Í dag starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks og fagfólks hjá Kjarki og sífellt er verið að skoða leiðir til að þétta hópinn.



Kjarkur endurhæfing er alfarið rekið fyrir fjárlög frá ríkinu og var rekstrarframlagið fyrir árið 2025 um 885 milljónir króna. Hagnaður af rekstri ársins 2025 var um 25 milljónir. Reksturinn byggir á lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.

Kjarkur endurhæfing gefur árlega út ársskýrslu sem inniheldur m.a. ársreikning og nánari upplýsingar um starfið. Skýrsluna má finna á vefsíðunni www.kjarkurendurhaefing.is, einnig er haldið úti facebook síðu undir nafninu Kjarkur endurhæfing og Instagramsíðu.

Sjálfsbjargarhúsið

Sagan

Árið 1965 var Sjálfsbjörg landssambandi hreyfingamlaðra (þá Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra) ásamt Öryrkjabandalagi Íslands úthlutað lóðinni við Hátún 10-12 samkvæmt leigusamningi við Reykjavíkurborg. Sjálfsbjargarhúsið var í framhaldi byggt og fyrsti áfangi þess tekinn í notkun árið 1973. Árið 1966 undirrituðu samtökin tvö, samkomulag sín á milli um uppskiptingu lóðarinnar. Lóðin skiptist eftir miðri götunni sunnan megin við Sjálfsbjargarhúsið og jafnframt eiga samtökin tvö sameiginlega lóðina sem er undir Íþróttahúsi fatlaðra (Hátún 14). Heildarlóðin er tæplega 41.500 fermetrar að flatarmáli og Sjálfsbjargarhúsið er um 10.000 m² að grunnfleti á sex hæðum.

Haustið 2023 var stofnuð nefnd um lóðina og mögulega uppbyggingu á svæðinu. Nefndin samanstendur af tveimur aðilum frá Brynju leigufélagi, tveimur aðilum frá Sjálfsbjörg lsh. og einum frá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík. Tilgangur nefndarinnar er að stuðla að samstarfi innan svæðisins. Nefndin hóf strax vinnu að samkomulagi um lóðarskiptingu og er hún tilbúin. Lóðarmarkabreyting og lóðarleigusamningur er tilbúinn til þess að skipta lóðunum upp í Hátún 10-12-14. Skjölunum verður þinglýst í kjölfar þess að vinna við nýtt deiliskipulag fyrir svæðið klárast.

Nefndin leitaði til Nordic Office of Architecture (NOoA) um frekari uppbyggingu á lóðunum þremur þar sem horft yrði til framtíðarnotkunar og byggingarmagns á lóðunum. Óskað var eftir tillögum þar sem hámarkað yrði byggingarmagnið sem komið yrði fyrir á lóðunum að teknu tilliti til núverandi notkunar öryrkja á þeim. Það var ósk nefndarinnar að við gerð tillagna um uppbyggingu yrði haft að leiðarljósi að tryggja sem best félagslega blöndun á svæðinu. Tillaga að deiliskipulagi var tilbúin í apríl 2024. Í henni er byggðin tengd við aðra byggð á svæðinu með hærri byggingum við aðalgötur sem mynda vörn gegn vindi og hljóðmengun. Þá er þess gætt að byggingar séu ekki svo háar að þær skyggi á sól inn á svæðið. Reykjavíkurborg hefur tekið vel í tillöguna. Nefnd um Hátúnsreit, NOoA, og Reykjavíkurborg vinna nú sameiginlega að því að klára deiliskipulag. Auglýs-

ing var birt í desember, athugasemdir sem bárust sneru helst að áhyggjum um frekari uppbyggingu á svæðinu án þess að bætt væri við skólaþjónustu. Unnið er að því að koma fyrir leikskólahúsnæði á svæði sem tilheyrir Hátúni 10.

Framtíð lóðarinnar að Hátúni 12 er í höndum Sjálfsbjargarfélaga og mikilvægt að myndist samstaða um hvernig henni er ráðstafað í þágu Sjálfsbjargar. Hugmynd er að selja hluta byggingarréttar á lóðinni og nýta fjármagnið til þess að lagfæra og bæta húsnæðið að Hátúni 12 og aðstöðu leigjenda í húsinu.

Húsnæðismál 2025

Sjálfsbjörg lsh. er eigandi að húsinu og hefur verið séð til þess að brýnu viðhaldi og viðgerðum sé sinnt. Viðhaldsskuld er þó til staðar sem fylgst er vel með.

Flestar íbúðir hússins hafa verið endurnýjaðar og viðhaldi sinnt vel undanfarin ár innanhúss. Ástand hússins að innan er því orðið gott.

Gluggar og bláir fletir á vesturhlið hússins voru málaðir sumarið 2024. Þak D-álmunnar var hreinsað, varið og málað sumarið 2025, það var gert til þess að lengja líftíma þess og um leið fresta endurnýjun þaksins.

Fyrirliggjandi er að skipta út gluggum í sundlaugar-rýminu en þar sem þeir snúa ekki í norðaustur átt þá mæðir ekki mikið á þeim og gluggaskiptin ekki aðkallandi. Sama er með gluggana sem eru í því rými sem Stjá sjúkrapjálfun leigir. Stefnt er að málun og viðgerð á gluggum í hluta hússins árið 2026.

Þak á húsi sundlaugar og Sjálfsbjargar á höfuð-

borgarsvæðinu tók að leka í lok árs 2024 og það var lagfært vorið 2025 og þakið varið til að koma í veg fyrir frekari leka. Viðgerðirnar voru kostnaðarsamar.

Sundlaugin var tekin aftur í notkun í júní 2024, starfsmaður Sjálfsbjargar var ráðinn í apríl. Almenn opnun er á mánudögum og fimmtudögum frá 8:30-11:30 og hefur aðsókn verið góð. Kjarkur endurhæfing, Gigtarfélag Íslands, Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík, ungbarnasund og flotnám-skeið hafa m.a. nýtt sér sundlaugina.

5. hæð B-álmú er rými sem enn stendur ónotað, haustið 2025 hóf umsjónarmaður fasteigna vinnu við að hreinsa rýmið og undirbúa vinnu við að koma því í gott stand til útleigu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hæðina að öðru leyti en að umsjónarmaður fasteigna mun dytta að henni þannig að hún verði tilbúin fyrir nýjan leigjanda. Sú framkvæmd ætti að vera á bilinu fimm til sjö milljónir króna.

Hringsjá tók stærstan hluta D-álmú, áður dagþjónusta Kjarks, á leigu sumarið 2025 og leigja allt rýmið sumarið 2026. Hringsjá notar rýmið fyrir virkniúrræðið Víðsjá.

Pekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Við vinnslu nýrrar heimasíðu Sjálfsbjargar var ákveðið að taka út Pekkingamiðstöðina. PMS verður ekki til sem slík, enda mikið af upplýsingum komnar á island.is. Valið verður úr efni og upplýsingum PMS sem samræmast stefnu og hlutverki Sjálfsbjargar inn á nýju heimasíðuna. Eftir sem áður berast skrifstofunni fyrirspurnir sem skrifstofan svarar eða vísar spyrjendum á réttan stað.

FJÁRMÁL

Fjárhagsstaðan

Ársreikningur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra fyrir árið 2025 er aftast í skýrslunni. Árið 2025 var nýtt til þess að lagfæra ferla í bókhaldi og útvista því en bókhaldsstofan 3 skref tók við bókhaldinu í júní. Á þeirra höndum er að færa bókhald, útbúa reikninga og sjá um launavinnslu.

Rekstrartekjur (án fjármagnsgjalda) í heild voru 268,7 m.kr. árið 2025 en 221,4 m.kr. árið 2024. Helsta skýring hækkunar eru 12,5 m.kr. hækkun á framlögum og styrkjum og um 30 m.kr. hækkun á húsaleigutekjum. Hagnaður var á rekstri ársins sem nemur um 10,6 m.kr. en árið 2024 var tap á rekstri ársins sem nam um 27 m.kr.

Húsnæðiskostnaður ársins 2025 var 107 milljónir króna og hækkaði um 9 m.kr. frá árinu 2024 sem skýrist af hækkun fastra gjalda vegna húsnæðis og aukins kostnaðar viðhalds m.a. vegna leka. Verkefni framundan eru hefðbundið viðhald innandyrna sem utan og er af nógu að taka. Fjármagn fer í að gera 5. hæð B-álmú aðgengilega nýjum leigjendum. Utandyra er enn verk að vinna, gluggar hússins liggja undir skemmdum og liggur á að klára að mála þá ásamt viðgerð á þaki á tveimur stöðum, C-álmú og þjónustumiðstöðinni. Áætlað er að sumarið 2026 verði malbikað bílaplan og gangstígur við inngang 4 ásamt því að mála bílastæði. Alltaf koma upp ófyrirséð verkefni í stóru og gömlu húsi og er brugðist strax við aðkallandi verkefnum til þess að koma í veg fyrir að húsið liggji undir skemmdum.

Fyrir tilstuðlan framkvæmdastjóra Kjarks endurhæfingur fékk Sjálfsbjörg styrk frá Oddfellow á Ís-

landi til þess að skipta um aðallyftur hússins. Gert er ráð fyrir að skipt verði um báðar lyfturnar árið 2026. Lyftur Sjálfsbjargarhússins eru gamlar og biluðu margoft á liðnum árum með þeim afleiðingum að kalla þurfti út vaktmenn til að sinna viðgerðum og skipta um lyftubúnað. Kostnaður við nýjar aðallyftur er um 26 m.kr. með allri vinnu og förgun á gömlum lyftum, styrktaraðili greiðir alla fjárhæðina. Lyfturnar eru aðallífæð hússins og mjög mikilvægar íbúum og gestkomandi.

Launakostnaður starfsmanna var 64,2 milljónir króna árið 2025 en var 50,9 milljónir króna árið 2024. Stjórn tók ákvörðun um að formaður færi í 100% starf, til að vinna að og sinna því verkefni að koma starfsemi landssambandsins í réttan farveg og fylgja eftir deiliskipulagsvinnu. Heildarfjöldi starfsfólks landssambandsins í lok árs 2024 voru sex einstaklingar, þar með talinn formaður stjórnar auk þess sem stjórnarlaun voru greidd stjórnarfólki.

Styrkir á árinu frá ÖBÍ réttindasamtökum voru um 10,2 m.kr. sem skiptist í um 6,7 m.kr. rekstrarstyrki, 3,5 m.kr. til kaupa á Exoquad hjóli og 1 m.kr. í verkefnastyrk. Fjáraflanir Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra námu um 81,8 m.kr. sem er hækkun um tæpar 2,5 m.kr. frá árinu á undan.

Í efnahagsreikningnum kemur fram að eignir í lok árs 2025 eru alls um 231 milljónir króna. Fasteignir og lóð er bókfært á 219,5 m.kr. meðan fasteignamat Hátúns 12 er um 4 milljarðar króna.

Langtímaskuldir eru 135,4 milljónir króna, tilkomnar m.a. vegna láns sem var tekið sumarið



Helga Magnúsdóttir og María Jónsdóttir með happdrættissölu í Kringlunni.



Sóley Björk Axelsdóttir og María Jónsdóttir sjálfsbjargarfélagar, seldu happdrættismiða fyrir Sjálfsbjörg lsh. í Smáralind fyrir jólin 2025.

2024 til endurfjármögnunar eldra láns og uppgreiðslu skulda landssambandsins.

Starfsmannamál

Engin breyting var á starfsmannamálum árið 2025. Samstarf stjórnar og skrifstofu utan og innan skrifstofu er gott.

Helstu tekjur og fjáraflanir

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra heldur reglulega úti ýmsum fjáröflunum sem í áruna rás hafa gefið samtökunum umtalsvert fjármagn til reksturs þeirra. Fjárbörfin er mikil svo unnt sé að halda úti öflugum málefnnastarfi og halda við stóru húsnæði sem komið er til ára sinna. Því er afar mikilvægt að vera sífellt vakandi fyrir nýjum hugmyndum að fjáröflunum og eru félagar hvattir til að koma góðum hugmyndum á framfæri. Hér á eftir eru helstu fjáraflanir samtakanna kynntar, en á árinu 2024 voru tekjur vegna Hollvína, happdrættis og annarra fjáraflana samtals 79.310.523 m.kr. samanborið við árið 2023 sem voru 72.648.914 m.kr. Tekjur ársins 2024 hækkuðu um rúmar 6,6 m.kr.


Húsaleiga

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra stendur í umtalsverðum leigurekstri í Sjálfsbjargarhúsu

inu og hefur gert í fjölda ára. Húsaleigutekjur er stærsti einstaki tekjupóstur samtakanna, eða um 164 m.kr. árið 2025 samanborið við um 133 m.kr. árinu áður. Um er að ræða tvenns konar útleigu; annars vegar íbúðaleigu og hins vegar leigu á húsnæði fyrir fyrirtæki. Íbúðaleigan er bæði almenn leiga íbúða til hreyfihamlaðra og fyrir þjónustuþega hjá Kjarki endurhæfingu. Kjarkur er með íbúðir á 2., 3. og 4. hæð eyrnamerkar sér og ef íbúðir á þeim hæðum standa tómar greiðir Kjarkur leigu af þeim.

Happdrætti

Happdrætti hafa verið fastur tekjupóstur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra. Um árabíl hafa verið rekin tvö happdrætti með sama sniði ár hvert. Annað er Jónsmessuhappdrætti og er dregið í því á Jónsmessudag þann 24. júní. Hitt er áramótahappdrætti og er dregið í því þann 31. desember. Afkoma happdrættanna ræðst af útfærði vinninga og hvort stærsti vinningurinn gangi út hverju sinni. Árið 2025 voru 2.000 miðar settir í net- og lausasölu í hvoru happdrætti fyrir sig. Sjálfsbjargarfélagar seldu um 150 happdrættismiða í verslunum fyrir jól, á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur af happdrætti ársins 2025 námu tæpum 26,5 m.kr. sem er um 4ra m.kr. lækkun frá árinu 2025.




Hollvinir Sjálfsbjargar

Hollvinir Sjálfsbjargar er hópur sem styrkir félagið með mánaðarlegu framlagi. Við njótum aðstoðar Takk við að efla og viðhalda þeim frábæra hópi meðal annars með stafrænum markaðsherferðum, úthringingum og reglulegum tölvupóstsamskiptum með fréttum af starfi og baráttumálum Sjálfsbjargar. Að meðaltali 48% þeirra sem fengu tölvupósta með fréttum af Sjálfsbjörg opnuðu póstana.

Á árinu stóð Sjálfsbjörg fyrir undirskriftasöfnun, í samstarfi við Takk, undir yfirskriftinni „Ekki vesen“. Með herferðinni var sjónum fólks beint að því að þau sem eru hreyfihömluð eru ekki vesen í samfélaginu heldur þarf samfélagið að aðlagast sig að því að húsnæði og umhverfi sé aðgengilegt þeim sem eru hreyfihamlaðir. Úr þessari herferð og öðrum verkefnum bættust samtals 363 í hópinn yfir árið og er fjöldi Hollvina í lok árs tæplega 2400. Tekjur frá Hollvinum árið 2025 voru samtals um 48 m.kr. og nemur hækkunin tæpum 4 m.kr. frá árinu 2024.

Styrkur ÖBÍ réttindasamtaka

Árlega veita ÖBÍ réttindasamtök rekstrarstyrk til sinna aðildarfélaganna og er þar tekið tillit til félagsfjölda hvers og eins félags. Jafnframt hafa síðustu ár verið veittir viðbótarstyrkir ef afkoma ÖBÍ réttindasamtaka hefur verið góð. Árið 2025 fékk Sjálfsbjörg landsamband um 5,4 m.kr. í rekstrarstyrk ásamt um 1,3 milljón króna í viðbótarstyrk í lok árs. Sótt var um tvo verkefnastyrki inn í verkefnið heilsuefling hreyfihamlaðs fólks vorið 2025. Voru þær umsóknir samþykktar.




Hreyfihömluð börn og ungmenni tók þátt í herferðinni EKKI VESEN haustið 2025.

UPPLÝSINGAMÁL

Ársskýrsla

Árlega gefur Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra út ársskýrslu sem lögð er fram á árlegum Landsfundi samtakanna. Í ársskýrslunni er farið yfir helstu starfsemi á vegum samtakanna það árið, stjórn og starfsfólk á yfirstandandi ári kynnt, þau málefni sem unnið er að kynnt og ársreikningur samtakanna birtur. Ársskýrsluna má síðan finna á vefsíðu Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.

Heimasíða Sjálfsbjargar



Heimasíðan er andlit Sjálfsbjargar og hana þarf að taka til endurskoðunar á nokkurra ára fresti. Haustið 2025 var ákveðið að fara í endurnýjun á síðunni og tilboð fengið í nýja heimasíðu. Að auki var ákveðið að skipta um hýsingaraðila. Veturinn 2025-2026 var unnið í síðunni og var markmiðið að hún yrði aðgengilegri og þjónaði betur tilgangi sínum, sem er að vera upplýsingagátt Sjálfsbjargar. Nú er heimasíðan komin í loftið en enn er unnið í ýmsu efni og tenglum sem hún hefur að geyma.

Klifur

Tímarit Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, Klifur, kom út í október 2025 í 2500 eintökum. Blaðinu var m.a. dreift til allra félagsmanna, á ýmsar stofnanir og til styrktaraðila. Í blaðinu voru fréttir af starfi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra á árinu, fjallað um breytt almannatryggingakerfi, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Römpum upp Ísland sem reistu 1756 rampa um landið, Uppskeru menningarhátíð og 20 ára afmæli fötlunarfræðinnar og andlega og líkamlega heilsu. Ritstjóri blaðsins var Páll Tómas Finnsson.



TENGINGAR ÚT Í SAMFÉLAGIÐ

Nefndir, samtök og starfshópar sem Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er aðili að eða sem félagsmenn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra taka þátt í fyrir hönd samtakanna.

ÖBÍ réttindasamtök

Fulltrúar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra á aðalfundi ÖBÍ réttindasamtaka 2025 voru: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Jón Heiðar Jónsson, Puríður Harpa Sigurðardóttir og Alma Ýr Ingólfssdóttir

Sjálfsbjargarfélagar í stjórnkerfi ÖBÍ réttindasamtaka:

Formaður ÖBÍ réttindasamtaka: Alma Ýr Ingólfssdóttir (2023-)

Gjaldkeri í stjórn: Jón Heiðar Jónsson (2020-2026)

Aðalfulltrúi í stjórn: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir (2023-2025)

Aðgengishópur ÖBÍ réttindasamtaka

Formaður: Jón Gunnar Benjamínsson

Heilbrigðishópur ÖBÍ réttindasamtaka

Aðalfulltrúi: Jana Birta Björnsdóttir

Húsnæðishópur ÖBÍ réttindasamtaka

Aðalfulltrúi: Pórdís Bjarnleifsdóttir

Atvinnu- og menntahópur ÖBÍ réttindasamtaka

Aðalfulltrúi: Pála Kristín Bergsveinsdóttir

Kjarahópur ÖBÍ réttindasamtaka

Aðalfulltrúi: Sóley Björk Axelsdóttir

NHF – norrænt bandalag hreyfihamlaðra á Norðurlöndum

Tengiliður: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

Námsstyrkur ÖBÍ

Formaður: Eva Pórdís Ebenezersdóttir

Sjóður Odds Ólafssonar

Varafulltrúi: Þorbera Fjölnisdóttir

Þjónustuhópur Pant Strætó

Fulltrúar: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir, Puríður Harpa Sigurðardóttir

Íslensk Getspá

Jón Heiðar Jónsson

Málefni fatlaðs fólk innan sveitarfélaga

Margir Sjálfsbjargarfélagar eru virkir í ýmsum nefndum og ráðum innan sveitar

Almannaheill

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er með aðild að Almannaheillum samtökum þriðja geirans. Fulltrúi Sjálfsbjargar er Sóley Björk Axelsdóttir

Römpum upp Ísland

Puríður Harpa Sigurðardóttir varaformaður RUÍ og Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir varamaður í stjórn

Starfshópur um úthlutun hjálpartækja, skipaður af heilbrigðisráðherra

Fulltrúi: Puríður Harpa Sigurðardóttir

Ráðgjafahópur ÖBÍ um aðgengi

Fulltrúi: Puríður Harpa Sigurðardóttir

Starfsnefnd um aðildarmál ÖBÍ

Fulltrúi: Puríður Harpa Sigurðardóttir

NPA miðstöðin

Puríður Harpa Sigurðardóttir er varamaður í stjórn árið 2025

HELSTU MÁL Á FUNDUM STJÓRNAR SJÁLFSBJARGAR LANDSSAMBANDS HREYFIHAMLAÐRA ÁRIÐ 2025

Helstu verkefni stjórnar eru að stýra starfsemi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og annast málefni samtakanna á milli landsfunda þar sem stjórnarmenn eru kosnir til þeirra starfa skv. lögum samtakanna.

Á vettvangi stjórnar er fjallað um málefni er varða baráttumálin og málefnastarfið en einnig meiriháttar ákvarðanir er varða rekstrarmál.

Stjórn Sjálfsbjargar fundar að jafnaði einu sinni

í mánuði en stjórnarfundir ársins 2025 urðu tólf talsins. Unnið var að uppbyggingu félagsins bæði hvað varðar rekstur og málefni. Þá var unnið í stefnumótun og nýjum lögum sem hvoru tveggja var samþykkt á landsfundi Sjálfsbjargar 2025.

Önnur umræðuefni voru viðhaldsmál, fjáraflanir, hjálpartækjamál, aðgengismál og virkni aðildarfé- laga.

Ekki er um að ræða tæmandi lista.

AÐILDARFÉLÖG SJÁLFSBJARGAR LANDSSAMBANDS HREYFIHAMLAÐRA OG STJÓRNARFÓLK 31.12. 2025

Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni

Linda Egilsdóttir	formaður
Rúnar Þór Björnsson	varaformaður
Jósep Sigurjónsson	gjaldkeri
Sigrún María Óskarsdóttir	ritari
Elmar Logi Heiðarsson	meðstjórnandi

Varamenn:

Kristín Sigfúsdóttir
Jóhann Þór Hólmgrímsson
Linda Rós Daðadóttir

Sjálfsbjörg í Austur-Húnavatnssýslu

Ingunn María Björnsdóttir	formaður
Kristín Hrönn Árnadóttir	varaformaður
Auður Ingibjörg Hafsteinsdóttir	gjaldkeri
Jón Sigurðsson	ritari
Sigríður Höskuldsdóttir	meðstjórnandi
Bjarni Stefánsson	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg í Bolungarvík

Kristján Karl Júlíusson	formaður
Ólafía Ósk Runólfsdóttir	varaformaður
Magnús Ingi Jónsson	gjaldkeri
Hildur Sverrisdóttir	ritari
Nikólína Beck Þorvaldsdóttir	meðstjórnandi
Selma Magnúsdóttir	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á Siglufirði/Fjallabyggð

Hafdís Eyland Gísladóttir	formaður
Sigurrós Sveinsdóttir	varaformaður
Sólveig Halla Kjartansdóttir	gjaldkeri
Jóninna M. Hjartardóttir	ritari
Björg Einarsdóttir	meðstjórnandi
Finnur Óskarsson	meðstjórnandi
María Lillý Ragnarsdóttir	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á mið-Austurlandi

Guðni Sigmundsson	formaður
Berglind Sigurðardóttir	varaformaður
Þórir Dan Friðriksson	gjaldkeri
Jóna Björg Guðmundsdóttir	ritari
Sigríður Birna Ólafsdóttir	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á Húsavík og nágrenni

María Óskarsdóttir	formaður
Katý Bjarnadóttir	gjaldkeri
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	ritari

Varamenn:

Agnar Kári Sævarsson
Kristbjörn Óskarsson
Einar Þór Kolbeinsson

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu

Logi Pröstur Linnet	formaður
Bergur Porri Benjamínsson	varaformaður
Linda Sólrún Jóhannsdóttir	gjaldkeri
Brandur Bryndísarson Karlsson	ritari
Ólafur Bjarni Tómasson	meðstjórnandi

Varamenn:

Guðrún Elísabet Bentsdóttir
Kristinn Guðjónsson
Súsanna Finnbogadóttir
Elísabet Karen Magnúsdóttir
Sigvaldi Búi Þórarinnsson

Sjálfsbjörg á Ísafirði

Hafsteinn Vilhjálmsson	formaður
Auður Björnsdóttir	varaformaður
María Hagalínsdóttir	gjaldkeri
G. Sigríður Þórðardóttir	ritari
Helga Purríður Magnúsdóttir	meðstjórnandi

Varamenn:

Hrefna Magnúsdóttir
Halla Sigurðardóttir

Sjálfsbjörg í Skagafirði

Magnús G. Jóhannesson	formaður
Sigurjón Heiðar Sigurbjörnsson	varaformaður
Stefanía Fjóla Finnbogadóttir	gjaldkeri
Sigríður Gunnarsdóttir	ritari
Ólafur R. Ólafsson	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á Suðurnesjum

Margrét S. Jónsdóttir	formaður
Guðný P. Adolfsdóttir	varaformaður
Wilhelmína Pálsdóttir	gjaldkeri
Jóna Birna Kristinsdóttir	ritari

Sjálfsbjörg á Vopnafirði

Marie Therese Robin	formaður
Haraldur Jónsson	gjaldkeri
Björn Halldórsson	ritari

ÁRSREIKNINGUR SJÁLFSBJARGAR LANDSSAMBANDS HREYFIHAMLAÐRA FYRIR 2025

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra
Kennitala 570269-2169
Hátún 12, 105 Reykjavík

Ljósbrá Baldursdóttir



Undirritað af:
Ljósbrá Baldursdóttir
2406715659
Dags: 16.03.2026
Tími: 17:37:53
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3dbd4d87-
1bce-49f6-8805-
25e387fb7885

Puríður Harpa Sigurðardóttir



Undirritað af:
Puríður Harpa
Sigurðardóttir
0104675439
Dags: 16.03.2026
Tími: 17:34:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3dbd4d87-
1bce-49f6-8805-
25e387fb7885

Jón Heiðar Jónsson



Undirritað af:
Jón Heiðar Jónsson
0509734849
Dags: 16.03.2026
Tími: 17:35:01
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3dbd4d87-
1bce-49f6-8805-
25e387fb7885

Grétar Pétur Geirsson



Undirritað af:
Grétar Pétur Geirsson
2409586519
Dags: 16.03.2026
Tími: 21:59:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3dbd4d87-
1bce-49f6-8805-
25e387fb7885

Helga Magnúsdóttir



Undirritað af:
Helga Magnúsdóttir
2102763869
Dags: 16.03.2026
Tími: 17:36:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3dbd4d87-
1bce-49f6-8805-
25e387fb7885

Guðni Sigmundsson



Undirritað af:
Guðni Sigmundsson
1503653339
Dags: 16.03.2026
Tími: 17:06:53
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3dbd4d87-
1bce-49f6-8805-
25e387fb7885

Sigríður Agnes Sigurðardóttir



Undirritað af:
Sigríður Agnes
Sigurðardóttir
1302825479
Dags: 16.03.2026
Tími: 17:33:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 3dbd4d87-
1bce-49f6-8805-
25e387fb7885

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi sambandsins

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra eru samtök aðildarféлага Sjálfsbjargar sem starfa víða um land og bera öll nafn Sjálfsbjargar og svo staðsetningu.

Aðalstarfsemi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra fer fram á skrifstofu samtakanna sem er í húseign þeirra að Hátúni 12, 105 Reykjavík.

Helstu starfsemispættir eru:

1. Hagsmuna- og málefnaþáttur
2. Fjáröflun og rekstrarmál
3. Útgáfu- og kynningarstarfsemi
4. Rekstur Sjálfsbjargarhússins
5. Rekstur Kjarks

Starfsemin á árinu

Rekstur Sjálfsbjargar var með svipuðu móti í ár og síðastliðin ár. Heildarvelta samtakanna árið 2025 nam kr. 268,7 milljónum en nam 221,4 milljónum króna árið 2024. Hagnaður ársins nam kr. 9,9 milljónum í samanburði við 27 milljóna króna tap árið 2024. Fjöldi ársverka á árinu 2025 var 5.

Það er álit stjórnar Sjálfsbjargar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í lok árs 2025, rekstrarafgangi ársins og fjárhagslegri þróun samtakanna, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Stjórn Sjálfsbjargar hefur horft til framtíðarmöguleika landssambandsins og tækifæra til að færa rekstur samtakanna í gott og eðlilegt horf. Helsta tekjuaukning á yfirstandandi ári og næsta ári verður vegna hækkunar á leiguverði á útleiguhúsnæði Sjálfsbjargar Hátúni 12. Hækkunin er að stærstum hluta tilkominn vegna leiðréttinga á leigutekjum sem hafa verið lægri en rekstrarkostnaður síðustu ár. Auk þessa er gert ráð fyrir að 600 fm af þeim 1100 fm sem nú standa auðir, fari í útleigu. Þá er stefnt að því að leigja út þá 500 fm sem eftir eru á árinu 2026.

Frá vori 2024 hefur deiliskipulagstillaga fyrir Hátúnslóðir 10, 12 og 14 verið í vinnslu. Deiliskipulagið var kynnt Sjálfsbjargarfélögum í vetur. Standa vonir til þess að vinna við deiliskipulag lóðanna klárast á yfirstandandi ári og fái samþykki Reykjavíkurborgar. Gangi það eftir fer tillagan í grenndarkynningu og í framhaldi munu lóðaeigendur geta selt byggingarétt á lóðunum sýnist þeim svo.

Til að tryggja framtíð Sjálfsbjargar væri kostur að geta selt byggingarétt til þess að fjármagna viðhald á húsinu, lækka langtímaskuldir og bæta skilyrði fyrir starfsemi félagsins.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna ráðstöfun hagnaðar. Engar arðgreiðslur eru fyrirhugaðar.

Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2025 með áritun sinni.

Reykjavík, 16. mars 2025

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sjálfstjórnar landsambands hreyfihamlaðra

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sjálfstjórnar landsambands hreyfihamlaðra fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur:

- Skýrslu stjórnar.
- Rekstrarreikning ársins 2025.
- Efnahagsreikning 31. desember 2025.
- Sjóðstreymi ársins 2025.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð sambandinu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglu sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sambandsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglu.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sambandsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra anmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sambandsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sambandsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sambandið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sambandsins. Stjórnendum sambandsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sambandsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningssskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sambandsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sambandið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 16. mars 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ljósbrá Baldursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir		19.796.550	7.300.312
Fjárafnanir, hollvinir, happdrætti ofl.		81.771.239	79.310.523
Húsaleigutekjur		163.758.643	132.989.459
Aðrar tekjur		3.378.586	1.768.919
	3	<u>268.705.018</u>	<u>221.369.213</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna fjárafnana		29.712.458	40.820.724
Laun og launatengd gjöld	4	64.217.335	50.870.316
Félagsmál		6.194.124	4.076.006
Húsnæðiskostnaður		107.370.864	98.354.591
Annar rekstrarkostnaður		24.365.513	22.793.024
Afskriftir	6	11.564.699	13.446.278
		<u>243.424.993</u>	<u>230.360.939</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		25.280.025	(8.991.726)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	5	(14.688.684)	(18.050.437)
Hagnaður (tap) ársins		<u>10.591.341</u>	<u>(27.042.163)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýringar	2025	2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Fasteignir og lóðir		219.458.639	228.190.893
Innréttingar, áhöld og tæki		11.313.721	10.962.864
		<u>230.772.360</u>	<u>239.153.757</u>
Eignir í hlutdeildarfélögum		1.000.000	1.000.000
Fastafjármunir samtals		231.772.360	240.153.757
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	7	19.765.558	18.978.953
Kröfur á tengd félög	8	4.367.867	3.319.845
Handbært fé	9	33.282.188	16.293.918
		<u>57.415.613</u>	<u>38.592.716</u>
Eignir samtals		<u><u>289.187.973</u></u>	<u><u>278.746.473</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2025	2024
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	<u>126.189.045</u>	<u>115.597.704</u>
		126.189.045	115.597.704
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	11	<u>135.409.928</u>	<u>136.050.412</u>
		135.409.928	136.050.412
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		12.670.643	12.714.764
Aðrar skammtímaskuldir		3.731.104	3.307.854
Skuld við Hjálparliðasjóð		5.440.249	5.328.734
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	11	<u>5.747.005</u>	<u>5.747.005</u>
		27.589.001	27.098.357
Skuldir samtals		162.998.928	163.148.769
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>289.187.973</u></u>	<u><u>278.746.473</u></u>
Aðrar upplýsingar	12		
Fimm ára yfirlit	13		

Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		10.591.341	(27.042.163)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	11.564.699	13.446.278
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda		<u>5.039.515</u>	<u>1.690.750</u>
		27.195.555	(11.905.135)
(Hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	7	(786.605)	(8.237.830)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>379.129</u>	<u>(19.312.969)</u>
		(407.476)	(27.550.799)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>26.788.079</u>	<u>(39.455.934)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar varanlegra rekstrarfjármuna	6	<u>(3.183.302)</u>	<u>(4.755.464)</u>
		(3.183.302)	(4.755.464)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána	11	(5.680.000)	(93.530.014)
Ný langtímalán		0	142.000.000
Tengdir aðilar, breyting	8	<u>(936.507)</u>	<u>(99.122)</u>
		(6.616.507)	48.370.864
Hækkun á handbæru fé		16.988.270	4.159.466
Handbært fé í byrjun árs		<u>16.293.918</u>	<u>12.134.452</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>33.282.188</u></u>	<u><u>16.293.918</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra eru samtök aðildarféлага Sjálfsbjargar sem starfa víða um land og bera öll nafn Sjálfsbjargar og svo staðsetningar.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Hátúni 5, 105 Reykjavík. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er ekki skattskyld.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaáðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

3. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti og vöruskilum.

Sala á þjónustu

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks tekur mið af raunverulegri veittri þjónustu sem hlutfall af heildarþjónustu sem veita skal.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2025	2024
Laun	51.384.854	39.773.490
Mótframlag í lífeyrissjóð	6.889.292	5.798.932
Launatengd gjöld	5.943.189	5.297.894
	<u>64.217.335</u>	<u>50.870.316</u>

Fjöldi ársverka á reikningsárinu eru 5 en þau voru 4,5 á árinu 2024.

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2025	Samtals 2024
Vaxtatekjur	670.281	0	115.080	785.361	719.973
Vaxtagjöld og verðbætur	0	(15.316.908)	(157.137)	(15.474.045)	(18.770.410)
	<u>670.281</u>	<u>(15.316.908)</u>	<u>(42.057)</u>	<u>(14.688.684)</u>	<u>(18.050.437)</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Innréttingar, áhöld, tæki og hugbúnaður	Samtals
Árslok 2024:			
Bókfært verð í ársbyrjun	239.538.600	8.305.971	247.844.571
Viðbætur ársins	0	4.755.464	4.755.464
Afskriftir	(11.347.707)	(2.098.571)	(13.446.278)
Bókfært verð í árslok	228.190.893	10.962.864	239.153.757
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	727.036.597	62.407.035	789.443.632
Afskrifað samtals	(498.845.704)	(51.444.171)	(550.289.875)
Bókfært verð í árslok	228.190.893	10.962.864	239.153.757
Árslok 2025:			
Bókfært verð í ársbyrjun	228.190.893	10.962.864	239.153.757
Viðbætur ársins	0	3.183.302	3.183.302
Afskriftir	(8.732.254)	(2.832.445)	(11.564.699)
Bókfært verð í árslok	219.458.639	11.313.721	230.772.360
Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	727.036.597	65.590.337	792.626.934
Afskrifað samtals	(507.577.958)	(54.276.616)	(561.854.574)
Bókfært verð í árslok	219.458.639	11.313.721	230.772.360
Fasteignir			0 - 12%
Innréttingar, áhöld og tæki			33%

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignir sambandsins í árslok 2025 voru eftirtaldar:	Fasteignama- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Hátún 12, Reykjavík	4.234.700.000	3.817.850.000	219.458.639
	4.234.700.000	3.817.850.000	219.458.639

Veðsetningar

Á fasteignum sambandsins í Hátúni 12 hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að uppgreiðsluvirði kr. 141,2 milljónir í árslok 2025.

Skýringar

7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2025	2024
Viðskiptakröfur	19.513.891	19.548.663
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(2.504.065)	(2.067.994)
Aðrar skammtímakröfur	2.755.732	1.498.284
	<u>19.765.558</u>	<u>18.978.953</u>

8. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar Sjálfsbjargar eru Kjarkur, aðildarfélag Sjálfsbjargar sem starfrækt eru víðsvegar um landið, framkvæmdarstjórn samtakanna og aðrir lykilstarfsmenn. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2025	2024
Tekjur	52.595.542	40.253.088
Gjöld	247.424	2.337.627
<i>Kröfur á tengda aðila</i>		
Kjarkur	4.367.867	3.319.845
	<u>4.367.867</u>	<u>3.319.845</u>

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

9. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

10. Eigið fé

Yfirlit um breytingu á eigin fé

	Óráðstafað eigið fé
Hreyfingar 2024:	
Staða í ársbyrjun	142.639.867
Tap ársins	(27.042.163)
Staða í árslok	<u>115.597.704</u>
Hreyfingar 2025:	
Staða í ársbyrjun	115.597.704
Hagnaður ársins	10.591.341
Staða í árslok	<u>126.189.044</u>

Skýringar

11. Langtímaskuldir

	2025	2024
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir. Vextir 7 %	141.156.932	141.797.417
	<u>141.156.932</u>	<u>141.797.417</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok.

Afborganir af langtímaskuldum sambandsins í árslok 2025 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2026	5.747.005
Árið 2027	5.747.005
Árið 2028	5.747.005
Árið 2028	5.747.005
Árið 2030	118.168.913
	<u>141.156.932</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 141.156.932 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2026, færðar meðal skammtímaskulda	5.747.005
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	135.409.928
	<u>141.156.932</u>

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2026. Áfallnar verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

Skýringar

12. Aðrar upplýsingar

Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, var stofnaður árið 1997 með það að markmiði að auðvelda hreyfihömluðum að ferðast. Hjálparliðarsjóður er í umsjá Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra en stendur fyrir utan bókhald félagsins.

	2025	2024
Staða Hjálparliðasjóðs í byrjun árs	9.741.121	9.805.001
Innvextir	527.359	687.334
Styrkir	(450.000)	(600.000)
Fjármagnstekjuskattur	(116.019)	(151.214)
Staða handbærs fjár Hjálparliðasjóðs í lok árs	<u>9.702.461</u>	<u>9.741.121</u>

13. Fimm ára yfirlit

Fimm ára yfirlit félagsins greinist þannig:

	2025	2024	2023	2022	2021
Rekstur					
Rekstrartekjur	268.705	221.369	221.752	202.961	192.664
Rekstrargjöld	(243.425)	(230.361)	(218.101)	(207.350)	(209.150)
Hagnaður f. fjárm.liði	25.280	(8.992)	3.651	(4.389)	(16.486)
Fjármagnsliðir	(14.689)	(18.050)	(13.077)	(10.204)	(6.648)
Hagnaður (tap) ársins	10.591	(27.042)	(9.427)	(14.593)	(23.134)
Efnahagur					
Fastafjármunir	231.772	240.154	248.845	256.606	248.883
Veltufjármunir	57.416	38.593	25.816	9.564	30.189
Eignir samtals	289.188	278.746	274.661	266.170	279.072
Eigið fé	126.189	115.598	142.640	152.066	166.660
Skuldbindingar	0	0	13.891	0	0
Langtímaskuldir	135.410	136.050	86.273	87.887	89.004
Skammtímaskuldir	27.589	27.098	31.857	27.216	24.408
Eigið fé og skuldir	289.188	278.746	274.661	267.170	280.072

Við hér enda verðum grín,
vegir skilja að sinni.
Haltu á vinur heim til þín,
hjartans kveðju minni.